

Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 12.03.2021

Efni: Sérstök söfnun lífúrgangs við heimili í Reykjavík

Tillaga

Lagt er til að hafin verði sérsöfnun á lífúrgangi frá íbúðarhúsum í Reykjavík frá september nk. Breytt hirða verði innleidd í áföngum, hverfi fyrir hverfi, og byrjað verði í austurhluta borgarinnar. Innleiðingunni ljúki í maí 2022 eða fyrr háð eftirspurn íbúa. Til að byrja með verður þjónustan valkvæð fyrir íbúa sem eru tilbúnir og hafa pláss, en seinna verði hún skylda sbr. greinargerð hér að neðan.

Fyrst um sinn verði eingöngu boðið upp á tvær tunnugerðir við heimili, 120 og 240 l stakar tonnur. Stefnt er á að hægt verði hægt að bjóða þær tunnugerðir í öllum hverfum vorið 2022. Hirðutíðni sé á 14 daga fresti eins og á blönduðum úrgangi.

Kannaður verði nánar möguleiki innleiðing á sk. tvískiptum tunnum sem val fyrir íbúa þegar sorpbílar hafa verið endurnýjaðir.

Greinargerð

Markmiðið með tillögunni er að byrja innleiðingu á sérstakri söfnun lífúrgangs í borginni og bjóða hana fyrst til þeirra íbúa sem eru tilbúnir til að flokka lífúrgang og þar sem pláss er ekki vandamál. Með þessari leið er einnig leitast við að létta innleiðingu sérstakar söfnunar lífúrgangs í borginni allri, sem gert er ráð fyrir að verði að skyldu á næstu árum.

Lagt er til að hefja innleiðingu í austurhluta borgarinnar og byrja að dreifa tunnum í Grafarvogi, Grafarholti, Árbæ og Norðlingaholti frá 1. september nk., en tekið verði við pöntunum fyrr í sumar. Þjónusta við djúpgáma í öllum hverfum borgarinnar verði í boði frá 1.september. Þjónustan verði gjaldskyld en gjaldið verður ákvarðað þegar móttökugjöld Sorpu liggja fyrir.

Hagræði er fyrir sorphirðu að hefjast við að losa tonnur í austurhluta borgarinnar m.a. vegna tenginga við núverandi tilraunaverkefni (sama vinnusvæði bíla) og tímann sem fer í yfirferð hirðu og fjarlægð í tæmingu bíla í Gufunesi.

Fylgst verði með fjölda brúntunna og gerð húsnæðis (einbýli, raðbýli, fjölbýli) til að meta þörf á pöntunum íláta fyrir innleiðingu í fleiri hverfum borgarinnar, en áformað er að farið verði að bjóða þjónustuna í öllum hverfum vorið 2022. Meta þarf áhrif á afköst sorphirðu, en gera má ráð fyrir að einhverjar breytingar þurfi að vinnufyrirkomulagi hirðunnar í hverfunum þegar tveir mismunandi stórir flokkar úrgangs verða til úr einum. Komið er að endurnýjun sorpbíla og eru heimildir til kaupa á tveim bílum til viðbótar, sem verða komnir í þjónustu sorphirðunnar áður en innleiðingu sem vali er lokið.

Um tvískiptar tonnur sem valkost fyrir einbýli og raðbýli.

Tvískiptar tonnur hafa verið hluti af tilraunaverkefni á Kjalarnesi síðan 2019. Með notkun tvískiptra tunna er hægt að bjóða upp á sérstaka söfnun á tveim ólíkum flokkum í einu íláti. Slíkt hentar aðallega sem val fyrir íbúa í sérbýli sem er um fimmtungur af íbúðarhúsnæði í borginni.

Hefðbundinn lyftubúnaður tvískiptra sorptunnubifreiða virkar ekki til að tæma tvískiptar tonnur. Einum bíla sorphirðunnar hefur verið breytt til að hirða tvískipt ílát í tilraunaverkefni. Sú breyting hefur reynst



bilanagjörn og því ekki verið farið út í að breyta fleiri bílum. Verði sú leið farin að bjóða þennan valkost yrði við endurnýjun bíla séð til þess að þeir væru framleiddir með búnaði sem hentaði í hirðuna. Þessari gerð tunna fylgir einnig afköst sorphirðunnar minnka (eingöngu ein tunna losuð í hriðubílinn í einu) og þókar festast frekar í mjórri tunnum og frjósa oftar fastir en í einhólfa tunnum.

Gert er ráð fyrir að tvískiptar tunnur verði hluti af þeirri framhaldsvinnu sem starfshópi SSH hefur verið farið að vinna á fýsileika samræmingar á sorphirðu sveitarfélaganna. Þar þarf m.a. að skoða hversu hentug slík ílát eru með tilliti til flokkunar í fjóra flokka úrgangs, hvaða flokka eigi að vera með saman í íláti og eins hvort þurfi að bjóða upp á fleiri stærðir íláta og/eða breyta hirðutíðni. Einnig væri æskilegt að skoðuð væri nánar reynslan í nágrannalöndunum, til dæmis Danmörku, þar sem fleiri sveitarfélög hafa innleitt skipt ílát til að mæta auknum kröfum um sérsöfnun. Unnið er að því að undirbúa skoðanakönnun meðal íbúa á Kjalarnesi og í Hamrahverfi til að kanna ánægju þeirra með verkefnin og þörf fyrir tvískipta tunnu.

f.h. Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar

Friðrik Gunnarsson
skrifstofa umhverfisgæða.